

## MINNISBLAÐ

Til: samgöngunefndar Alþingis  
Frá: Siglingastofnun Íslands  
Dags.: 4. desember 2002-12-04  
Efni: Frv. til laga vegna þurrleiguskráningar fiskiskipa.

Á fundi samgöngunefndar með fulltrúum Siglingastofnunar óskaði samgöngunefnd Alþingis svara við eftirfarandi spurningum:

**1) Er þurrleiguskráning komin á í Noregi? Af hverju ekki og hver eru sjónarmið útgerðarinnar þar.**

Ekki er að finna ákvæði í lögum um skráningu skipa í Noregi heimild til þurrleiguskráningar fiskiskipa. Hvernig skráningu skipa er háttað í Noregi má jafnframt fá upplýsingar í leiðbeiningum. Talaði við Audun hjá Samtökum útgerða í Noregi (47-70101460). Hann sagði að þessi leið hafi ekki verið farin í Noregi fyrst og fremst vegna fjárhagsatriða vegna samþykkis veðhafa.

**2) Eru sjóveðskröfur tryggðar?**

Í frumvarpinu er miðað við skilyrði þurrleiguskráningar sé að skriflegt samþykki veðhafa liggja fyrir þurrleiguskráningunni, f-liður 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins. Ef forsendur heimildar til þurrleiguskráningar eru brostnar að mati Siglingastofnunar fellur þurrleiguskráning niður.

Í ákvæðinu er talað um "veðhafa", en í því sambandi voru fyrst og fremst hafðir í huga sammingsveðhafar. Ýmsar kröfur njóta lögveðs í skipum, t.d. hafnagöld, gjöld til Siglingastofnunar, skipagjald, iðgjöld sjómanna og útgerðarmanna, þróunarsjóðsgjald og sektir vegna brota á fiskveiðilöggjöfinni og lögum um varnir gegn mengun sjávar. Með þessu ákvæði voru fyrst og fremst hafðir í huga sammingsveðhafar.

Ef menn vilja áréttta að lögveðskröfur falli þarna undir er rétt að breyta textanum með tilliti til þess.

**3) Óskað var upplýsinga um hvernig þurrleiguskráning hefur virkað í Færeyjum - hvað margir bátar og hver er afstaða samtaka sjómanna þar.**

Talaði við Mia Krag hjá færeysku skipaskránni (fisk.fo 98-313669); hún segir að þessi heimild hafi verið í lögum í nokkur ár í Færeyjum, nokkur dæmi þess að skip hafi verið leigð til Póllands. Sagðist ekki vita til þess að þetta hafi skapað vandamál, aflað sé samþykkis veðhafa áður og áhafnir hafi verið blandaðar.

Talaði við Óla Jakobssen hjá færeysku sjómannasamtökunum (Föreyja Fiskimannafelag 298-311569) sagði að þeirra samtök litu þetta jákvæðum augum, nokkur dæmi um að þetta hafi verið nýtt, einkum þá að skip hafi verið leigð til Póllands og þau veitt úr pólskum kvóta í norskrí lögsögu. Yfirleitt hafi skipverjar verið færeyskir og ráðnir á færeyskum kjörum. Hann sagði sín samtök líta á þetta jákvæðum augum og þessi möguleiki opni aukin atvinnufæri fyrir færeyska sjómenn.

Maskinmeistarafelag Færeyja (mf.fo - Sigurdur 298-314718)  
Félag útgerðarmanna (Jögvun - 298-311800)